

130

Jafnframt því að senda lagafrumvarp þetta bæði í þeim búningi, er það fjekk hjá alþingi, og í danskri þýðing, skal jeg leyfa mjer virðingarfullt að taka það fram, er hjer segir.

Svo sem ráðaneytið mun minnst, var af stjórnarinnar hálfu lagt fyrir alþingi 1895 frumvarp til laga um að koma upp gagnfræðakennslu við lærða skólann í Reykjavík og að afnema gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, og var frumvarpið fellt frá 2. umræðu af efri deild, en fyrir hana var frumvarpið fyrst lagt. Samkvæmt umgetnu lagafrumvarpi átti að koma á gagnfræðakennslu í lærða skólanum í Reykjavík á þann hátt, að gagnfræðakennslan yrði hið lægra kennslustig en lærða kennslan hið efra kennslustig í hinum sama skóla. Sömu skipun er tilætlan alþingis að koma á með lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, en þar sem stjórnarfrumvarpið frá 1895 ákvað að bæta skyldi við tveim bekkjum við hina núverandi bekki í skólanum, þannig að fjórir bekkir skyldu ætlaðir til gagnfræðakennslunnar og 4 bekkir til hinnar lærðu kennslu, er skyldi vera að mestu óbreytt, sjerstaklega af því er tölu námsgreinanna snertir þá ætlast frumvarp alþingis til að bekkjatalan haldist óbreytt þannig að í 3 bekkjum skuli kennd gagnfræði og í 3 bekkjum fari fram hin lærða kennsla, en gríska skuli afnumin sem skyldunámsgrein.

Að því er gagnfræðaskólann á Möðruvöllum snertir, er leggja átti niður samkvæmt stjórnarfrumvarpinu frá 1895, þá er tilætlan alþingisfrumvarpsins að auka hann þannig að í honum sjeu 3 kennslubekkir, svo að kennslan í þeim skóla samsvari að öllu leyti gagnfræðakennslunni í Reykjavíkur lærða skóla, og að þeir lærisveinar, sem tekið hafa burtfararpróf úr Möðruvallaskóla, geti gengið próflaust í 4 bekk Reykjavíkur lærða skóla. En þótt það væri viðurkennt í umræðunum á alþingi, að bæta þyrfti við skólahúsið á Möðruvöldum sem samsvaraði því, er gagnfræðaskólinn þar væri aukinn, var hvorki í lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, nje á fjárlögunum veitt nein upphæð til þess að standast þann kostnað, er þar af leiddi.

Jeg taldi rjettast að útvega yfirlýsing kennaranna við Reykjavíkur lærða skóla og yfirstjórnar skólans um málið, áður en jeg bæri það upp fyrir hinu háu ráðaneyti, og jafnframt því að senda hjermeð yfirlýsingar þessar, er jeg yfir höfuð get fallizt á, og því leyfi mjer virðingarfullt að visa til, skal jeg láta mjer nægja að taka það fram, að, með því að formaður kennsluumsjónarnefndarinnar fyrir lærða skóla og gagnfræðaskóla í Danmörku, háskólakennari Gertz, í yfirlýsing þeirri, er mjer var birt með brjefi hins háa ráðaneytis 14. jan. 1895 viðvíkjandi tillögum mínum frá 1892 um að koma á gagnfræðakennslu við Reykjavíkur lærða skóla og koma henni inn í nýja sameiginlega kennsluskipun fyrir skólann, — hefir beint tekið það fram, að meðan hinir dönsku latínuskólar haldi kennslunni í báðum klassisku málunum, verði Reykjavíkur lærði skóli að gjöra hið sama, og að þess því ekki megi vænta að stúdentar frá nefndum skóla fái aðgang að Kaupmannahafnarháskóla, ef gríska verði afnumin sem skyldunámsgrein í skólanum, þá get jeg þegar af þeirri ástæðu eigi ráðið til þess að það verði lagt til, að umrætt frumvarp fái allrahesta staðfesting.

131

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi.** — Með brjefi, dagsettu 6. janúar þ. á., þafið þjer herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er borið haði verið upp af þingmannahálfu og samþykkt af alþingi sumarið 1897, um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi og hafið þjer sökum þeirra mótbárna, sem í fleirum greinum má koma fram með gegn umgetnu lagafrum-

27. sept.

varpi, lýst því, að þjer sjeuð í efa um það, hvort ákvæði umrædds lagafrum- **131**  
varps geti talizt hentug.

Ráðaneytið verður að taka undir með ósk þeirri, sem er rót frumvarpsins, <sup>27. sept.</sup>  
um að löggjöfin hlaupi undir bagga með bindindishreyfingunni með því að leggja  
höpt á eða takmarka aðganginn að áfengisverzlum, sem nú er allt of hægur,  
en það getur eigi álitid að verk þetta sje heppilega leyst af hendi með frum-  
varpi því, er hjer um að ræða. Sumpart mundi tilgangi þessum aðeins náð í  
litlum mæli eptir frumvarpinu, sumpart virðast ákvæðin um það, hvornig áfeng-  
issöluleyfið skuli veitt, vera litt haganleg eða heppileg.

Um hið fyrra atriði má geta þess, að það virðist vera ástæða til að  
telja það mjög efasamt, að ákvæði frumvarpsins nái og til lausakaupmanna, eins  
og alþingi þó sjálfsagt hefir ætlazt til, því að þessir verzlunarmenn geta eigi  
talizt meðal þeirra manna, er ræðir um í 1. og 2. gr. frumvarpsins, og kaupa  
verzlunarleyfisbrjef. Svo er hitt, að gildi frumvarpsins rýrnar mjög, er til  
framkvæmdanna kemur, við það að það nær að eins til þeirra manna, sem  
*eptirleidis* kaupa verzlunarleyfisbrjef, svo að hin nýju ákvæði hreyfa ekki við  
öllum þeim verzlunum, sem nú eru reknar og leyfi hafa til áfengissölu. Það  
mundu því líða mjög mörg ár áður en nokkur veruleg takmörkun yrði á áfeng-  
issölnunni, þótt frumvarpið næði fram að ganga.

Að því er þvínæst snertir hitt atriðið, veiting áfengissöluleyfis, þá verð-  
ur ráðaneytið að telja það allt of fyrirhafnarmikið og óhaganlegt fyrirkomulag,  
að veiting hinna fyrirhuguðu söluleyfa skuli eigi einungis vera komin undir sam-  
þykki sveitarstjórnanna, heldur og þeirra, er kosningarrjett hafa til sveitar-  
stjórnar, einukum þar sem leyfin eiga ekki að vera gild nema 1 ár. En það  
verður að teljast alveg fráleitt, að samkvæmt frumvarpinu á að leita atkvæðis  
þessara kjósenda í hvert skipti, og því einnig þá, er útgjört um það að leyfið  
verður eigi veitt, vegna þess að meiri hluti hreppsnefndarmanna eða bæjar-  
stjórnar er því mótfallinn.

Ráðaneytið hefir orðið að telja svo mikilvægar þessar mótbáru gegn  
frumvarpinu, — og eru þær í öllu verulegu hinar sömu, sem teknar hafa verið  
fram af minna hluta áðurnefndrar þingnefndar og af yður, herra landshöfðingi, —  
að það hefir eigi getað talið frumvarpið, eins og það liggur fyrir, til þess fallið  
að öðlast lagagildi, og hefir ráðaneytið því í allraþegnsamlegustum tillögum sín-  
um um málið ráðið til þess að frumvarpinu yrði synjað allrahestar staðfest-  
ingar, og hefir hans hátign konunginum 23. þ. m. allramildilegast þóknast að  
fallast á tillögu þessa.

Ráðaneytið hefir samt í ungetnum allraþegnsamlegustum tillögum sínum  
geymt sjer rjett til þess að lagt verði fyrir næsta alþingi annað frumvarp með  
sama tilgangi.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar  
og birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

## Brjef landshöfðingja.

Síðasta alþingi hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt lagafrumvarp, er borið var upp af þingmanna hálfu, um rjett kaupmanna til að verzla með áfengi, og leyfi jeg mjer virðingarfullt að senda frumvarp þetta bæði í þeim búningi, er það fjekk hjá alþingi og í danski þýðingu.

Umgetið lagafrumvarp kveður svo á, að rjettur til verzlunar með áfengi skuli bundinn við sjerstakt leyfisbrjef, er sýslumaður eða bæjarfógeti gefur út, og því að eins er veitt, að meiri hluti hreppsþúa eða kaupstaðarþúa, þeirra er atkvæðisrjett eiga í sveitarmálum, samþykki það á hreppskilþingi eða almennum fundi bæjarmanna, og ennfremur að meiri hluti hreppsnefndar eða bæjarstjórnar leggi þar á samþykki sitt. Leyfið skyldi að eins gilda eitt ár og kosta 100 krónur.

Með því að tilgangur frumvarpsins virðist vera sá, að hindra ofnautn áfengra drykkja, vil jeg þegar í byrjun taka það fram, að jeg ekki get kannast við það, að drykkju-skapur sje mjög almennur löstur hjer á landi; þvert á móti eflist bindindishreyfingin stöðugt meir og meir, og Goodtemplarareglan hefir mjög víða náð fótfestu hjer, og með hinum öflugum tilraunum sínum hefir henni orðið allmikið ágengt í því að stemma stigu fyrir ofnautn áfengra drykkja.

Engu að síður kynni að vera ástæða til þess að takmarka með lögum hinn óbundna aðgang til að verzla með áfengi, svo sem á þann hátt að binda leyfi til þess því skilyrði að hlutaðeigandi keypti leyfisbrjef til þess fyrir ákveðið gjald, en aptur á móti gæti það talizt mjög efasamt, einkum eptir því sem tilhagar á Íslandi, hvort það er rjett aðferð, að láta það vera komið undir atkvæði sveitastjórna og þeirra, er atkvæðisrjett hafa í sveitamálum, hvort veita skuli áfengissöluleyfi. Í lagafrumvarpi því, sem hjer er um að ræða, er aðferð þessari þar á ofan beitt þannig, að hún í einstökum sveitarfjelögum, sjerstaklega í Reykjavíkur kaupstað, eptir því sem reynsla laganna nr. 13 frá 12. maí 1882 og laga nr. 3 frá 10. febr. 1888 hefir sýnt, optast mundi gjöra það að verkum, að ómögulegt yrði að fá saman lög-mætan fund til þess að kveða á um slíkt málefni.

Að öðru leyti eru teknir ljóslega fram í nefndaráliti minni hluta nefndar þeirrar, er efri deild alþingis setti í málið, gallar þeir, er á frumvarpinu eru, og þær misfellur, er frumvarpið mundi valda, ef það yrði gjört að lögum. Jafnframt því að senda þýðing af nefndaráliti þessu, leyfi jeg mjer því að skírskota til þess.

Með þessum athugasemdum og jafnframt því að geta þess, að hið umrædda frumvarp var samþykkt með 16 atkvæðum í neðri deild og með 6 atkvæðum gegn 5 í efri deild, leyfi jeg mjer virðingarfullt að beina máli þessu til aðgjörða hins háa ráðaneytis.

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja endurgjald á barnsfúlgu.**

**132** Með skírskotun til brjefs hjedan frá 8. nóvbr. f.á. og brjefs yðar, herra landshöfðingi, 12. oktbr. dagsetts 12. febr. þ. á., er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að eptir að jeg hafði skrifast á um málefni þetta við innanríkisráðaneytið, hefi jeg fengið frá því tilkynning um að það hafi 6. þ. m. skrifað amtmanninum í Svendborgaramti á þessa leið um málið:

„Í erindi því, sem fylgdi með brjefi amtsins frá 7. ágúst f. á., hefir bæjarstjórnin í Svendborg skýrt frá því að greitt hafi verið fyrst um sinn af bæjarstjórn Svendborgar barnsfúlga sú, sem þjátursmiðssveini Magnúsi Jakobi Thorarensen í Kaupmannahöfn, sem er sveitlægur á Akureyri, ber að greiða, samkvæmt úrskurði yfirborgstjórnarinnar í Kaupmannahöfn frá 30. oktbr. 1894, með óskilgetnu